

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/68/EB

2011/EES/5/15

frá 27. nóvember 2007

## um breytingu á III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB að því er varðar tiltekin innihaldsefni í matvælum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 11. mgr. 6. gr. og 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB er skrá yfir innihaldsefni matvæla sem tilgreina skal á merkimiða matvæla þar eð líklegt er að þau valdi skaðlegum áhrifum hjá smitnæmum einstaklingum.
- 2) Í tilskipun 2000/13/EB er kveðið á um þann möguleika að hægt sé að undanskilja frá kröfum um merkingu innihaldsefni og efni, unnin úr innihaldsefnum, sem skráð eru í III. viðauka a, ef sýnt hefur verið fram á með visindalegum hætti að þau séu ekki líkleg til að valda skaðlegum áhrifum við sérstakar aðstæður.
- 3) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/26/EB <sup>(2)</sup> er sett fram skrá yfir innihaldsefni í matvælum og efni sem eru til bráðabirgða undanskilin kröfum um merkingu til 25. nóvember 2007.
- 4) Allmargar umsóknir um varanlega undanþágu frá kröfum um merkingu hafa verið lagðar fram hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA). Umsóknir þessar varða efni sem undanþágur voru veittar fyrir til bráðabirgða með tilskipun 2005/26/EB. Á grundvelli álitá Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og annarra

fyrirliggjandi upplýsinga má draga þá ályktun að tiltekin innihaldsefni, eða efni sem unnin eru úr þeim, sem skráð eru í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB séu ekki líkleg til að valda skaðlegum áhrifum hjá smitnæmum einstaklingum við sérstakar aðstæður.

- 5) Því skal til frambúðar fella þessi innihaldsefni eða efni, sem unnin eru úr þeim, brott úr III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB.
- 6) Breyta ber III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB til samræmis við þetta.
- 7) Því ber að fella tilskipun 2005/26/EB úr gildi frá og með 26. nóvember 2007 með hliðsjón af tímamörkunum sem sett eru í annarri undirgrein 11. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/13/EB.
- 8) Til að komast hjá röskun á markaði er nauðsynlegt að þessi tilskipun gildi frá 26. nóvember 2007.
- 9) Þess var vænst að unnt yrði að samþykkja og birta tilskipun þessa með góðum fyrirvara fyrir 26. nóvember 2007 til að gefa atvinnugreininni tíma til að laga sig að hinum nýju reglum. Þar eð þetta hefur ekki reynst mögulegt í framkvæmd virðist nauðsynlegt að gera tímabundnar ráðstafanir til að auðvelda beitingu nýju reglnanna. Breytingar á reglum um merkingu munu vissulega hafa áhrif á atvinnugreinina, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, sem þurfa aðlögunartíma svo að umskipti, sem fela í sér nýjar kröfur um merkingu, gangi snurðulaust fyrir sig.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 6.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/142/EB (Stjtið. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 110).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 75, 22.3.2005, bls. 33. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/63/EB (Stjtið. ESB L 258, 4. 10.2005, bls. 3).

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

3. gr.

1. gr.

Tilskipun 2005/26/EB skal felld úr gildi 26. nóvember 2007.

Í stað III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun frá og með 26. nóvember 2007.

Aðildarríkin skulu heimila að matvæli, sem sett voru á markað eða merkt fyrir 31. maí 2009 og eru í samræmi við ákvæði tilskipunar 2005/26/EB, séu markaðssett meðan birgðir endast.

2. gr.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 2008. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2007.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

## VIDAUKI

## „III. VIDAUKI a

**Innihaldsefni sem um getur í 3. mgr. a, 10. og 11. mgr. 6. gr.**

1. Korn sem inniheldur glúten (þ.e. hveiti, rúgur, bygg, hafrar, spelt, taumhveiti (kamut) eða blendingar þeirra) og afurðir úr því, nema:
  - a) Glúkósasíróp unnið úr hveiti, þ.m.t. þrúgusykur .
  - b) Maltódestrín unnið úr hveiti .
  - c) Glúkósasíróp unnið úr byggi.
  - d) Korn, notað við að framleiða eimi eða etanól úr landbúnaði fyrir brennda drykki og aðra áfenga drykki.
2. Krabbadýr og afurðir úr þeim.
3. Egg og afurðir úr þeim.
4. Fiskur og fiskafurðir, nema:
  - a) Fiskgelatín, notað sem burðarefni fyrir vítamín eða karótenóíðblöndur.
  - b) Fiskgelatín eða fiskilím, notað sem felliefni í bjór og léttvín.
5. Jarðhnetur og afurðir úr þeim.
6. Sojabaunir og afurðir úr þeim, nema:
  - a) Fullhreinsuð sojaolía og fita <sup>(1)</sup>.
  - b) Náttúruleg, blönduð tókóferól (E306), náttúrulegt D-alfatókóferól, náttúrulegt D-alfatókóferólasetat, náttúrulegt D-alfatókóferólsúksínat úr sojabaunum.
  - c) Jurtasteról og jurtasterólesterar, unnið úr jurtaolíum sem upprunnar eru úr sojabaunum.
  - d) Jurtastanólester, framleiddur úr jurtaolfusterólum úr sojabaunum.
7. Mjólk og mjólkurafurðir (þ.m.t. laktósi), nema:
  - a) Mýsa, notuð við að framleiða eimi eða etanól úr landbúnaði fyrir brennda drykki og aðra áfenga drykki.
  - b) Laktítól.
8. Hnetur, þ.e. möndlur (*Amygdalus communis L.*), heslihnetur (*Corylus avellana*), valhnetur (*Juglans regia*), kasúhnetur (*Anacardium occidentale*), pekanhnetur (*Carya illinoensis (Wangenh.) K. Koch*), parahnetur (*Bertholletia excelsa*), pístasíuhnetur (*Pistacia vera*), goðahnnetur og queensland-hnetur (*Macadamia ternifolia*) og afurðir þeirra, nema:
  - a) Hnetur, notaðar við að framleiða eimi eða etanól úr landbúnaði fyrir brennda drykki og aðra áfenga drykki.

<sup>(1)</sup> Ásamt afurðum úr því, að því tilskildu að vinnsluferlið sé ekki líklegt til að auka ofnæmisvirkni eins og Matvælaöryggisstofnunin hefur metið hana í upprunavöru þeirra.

9. Sellerí og afurðir úr því.
  10. Sinnep og afurðir úr því.
  11. Sesamfræ og afurðir úr þeim.
  12. Brennisteinsdíoxíð og súlfít í styrk, sem er yfir 10 mg/kg eða 10 mg/lítra, gefið upp sem SO<sub>2</sub>.
  13. Úlfabaunir og afurðir úr þeim.
  14. Lindýr og afurðir úr þeim.
-